

# Leiðbeiningar fyrir Nexus Personal á Mac tölvum

Til að geta notað rafræn skilríki á Mac tölvum þarftu að hafa kortalesara (oftast tengdir við vélina með USB), Nexus Personal hugbúnaðinn og Firefox vafrann.

**Í dag er Firefox vafrinn sá eini sem styður notkun skilríkja á Mac tölvum.**


Hér getur þú sótt Nexus Personal forritið á vefsíðu Auðkennis:

<http://www.audkenni.is/nexus/mac/PersonalSetup.dmg>

Ef þú ert nú þegar með Nexus Personal uppsett á vélinni skaltu eyða því út áður en þú setur upp nýja útgáfu.

Vistaðu Personal forritið á vélina þína og tvísmelltu á það.

Þá ætti þessi gluggi að birtast:




Dragðu Personal táknið yfir Applications táknið til að setja upp hugbúnaðinn.


Til að ræsa Nexus Personal þarftu að fara í Finder og velja Application og tvísmella á Nexus Personal táknið. Þá ætti rauða Personal táknið að birtast neðst á valstikunni og ljósið á kortalesaranum að blikka.



Hugsanlega kemur viðvörðun í fyrsta skipti þegar Nexus Personal er ræstur um að þetta sé forrit sem var hlaðið niður af vefnum. Veldu „Open“.



Nexus Personal glugginn opnast og ef tekist hefur að lesa skilríkin á kortinu þá ætti að birtast tákmynd af skilríki og standa „Fullgilt auðkenni“ við hliðina á því.




ATH! Ef ekki stendur „Fullgilt auðkenni“ í glugganum hefur skilríkið ekki verið lesið inn á vélina og þá er ekki hægt að nota þau. Athugaðu að snúa kortinu rétt í lesaranum. Ef það snýr rétt þá má prófa að taka lesarann úr sambandi við USB tengið og tengja hann við annað USB tengi.

ATH! Mikilvægt er að ræsa Nexus Personal á undan Firefox. Ef kveikt var á Firefox vafranum áður en Nexus Personal var ræstur þarf að slökva alveg á honum og ræsa aftur.

Ræstu nú Firefox vafrann og farðu á <http://www.audkenni.is> og skrollaðu niður og smelltu á „Prófa rafræn skilríki“.




Þá ætti að birtast gluggi í Firefox sem sýnir þér upplýsingar um skilríkið sem þú ætlar að nota. Það á að vera Auðkenningarskilríki. Ef Undirritunarskilríki birtist getur þú breytt því í fellilistanum.



Smelltu á OK eða ýttu á enter.

Þá ætti PIN glugginn frá Nexus Personal að birtast:



Sláðu inn 4 stafa PIN kóðann fyrir auðkenningarskilríkið og smelltu á OK eða ýttu á enter.

Ef rétt PIN númer hefur verið slegið inn og allt er eðlilegt ætti að birtast síða sem segir að skilríkin þín séu í lagi og sýnir þér upplýsingar um innihald þeirra.

## Prófun skilríkja

**Skilríkjahafi:**

Nafn:	Sveinbjörn Grétarsson
Kennitala:	250167-3779
Kennitala fyrirtækis:	521000-2790


**Upplýsingar um skilríkið:**

Tegund:	Starfsskilríki
Gerð:	Auðkenning
Raðnúmer:	0a-b5-11
Gildir frá:	25.02.2013 kl. 09:19
Gildir til:	25.02.2017 kl. 23:59

**Útgefandi skilríkis:**

Nafn milliskilríkis:	Fullgilt auðkenni
Nafn útgefanda:	Auðkenni hf.
Kennitala útgefanda:	521000-2790

**Skilríkin þín eru í lagi!**



Nánari upplýsingar gefur þjónustuver Auðkennis í síma 530 0000 eða [hjalp@audkenni.is](mailto:hjalp@audkenni.is)